

Nd.

319. Nefndarálit

um frv. til laga um bæjarstjórn á Norðfirði.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um frv.

Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að sanngjarnt og sjálfsagt sje að verða við þessari ítrekuðu ósk Norðfirðinga, þar sem um jafnfjölmennan bæ er að ræða og sem þar að auki er í fjölgun og uppgangi. Meiri hluta nefndarinnar er það ljóst, að núverandi stjórnarfyrikomulag á málefnum kaupstaðarins er úrelt og hemill á framförum og viðgangi hans. Það, sem einkum hefir verið fært

fram sem ástæða á móti frv., eru hin auknu útgjöld fyrir ríkissjóð. En benda má á það, að Norðfjörður virðist hafa sanngirniskröfu til þess, að ríkið leggi nokkurt fje af mörkum til löggæslu og innheimtu, þar sem tekjur ríkisins úr kaupstaðnum hafa um undanfarin ár verið 150—200 þúsund krónur. Enda má fullvíst telja, að hag ríkissjóðs muni betur borgið með þeirri breytingu á stjórn kaupstaðarins, sem frv. fer fram á.

Af framantöldum ástæðum leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 27. febr. 1928.

Gunnar Sigurðsson, Hjeðinn Valdimarsson, Bernh. Stefánsson.
form. og frsm. fundaskrifari.